

Umsögn um frumvarp um breytingar á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

Sent af Halldóri Gunnarssyni

Þekking undirritaðs á réttindagæslu fyrir fatlað fólk

Síðustu tuttugu ár starfsævi minnar voru meira og minna helguð baráttunni fyrir réttindagæslunni, síðan að ýta henni úr vör og starfa innan hennar. Á árunum 1999 til 2005 gegndi ég formennsku í Landssamtökunum Þroskahjálp, en eitt af helstu baráttumálum samtakanna á þeim tíma var að komið yrði á fót réttindagæslu fyrir fatlað fólk á Íslandi. Árið 2007 var ég skipaður af þáverandi félagsmálaráðherra formaður starfshóps sem skila skyldi tillögum um tilhögun réttindagæslu fyrir fatlað fólk. 2008 skilaði hópurinn tillögum sem núverandi réttindagæslulög byggja á. Til að byrja með var réttindagæslan sett undir Velferðarráðuneytið, en öllum var ljóst að réttindagæslan ætti ekki heima hjá framkvæmdavaldinu og þáverandi velferðarráðherra Guðbjartur Hannesson skipaði í framhaldinu starfshóp sem gera skyldi tillögur um hvar réttindagæslan ætti best heima. Ég sat í þeim hópi fyrir hönd Landssamtakanna Þroskahjálpar. Niðurstöður hópsins féllu í sömu átt og áform núverandi ríkisstjórnar, samkvæmt stjórnarsáttmála, um stofnun óháðrar mannréttindaskrifstofu með réttindagæslu fyrir fatlað fólk innanborðs. Ég starfaði sem réttindagæslumaður í Reykjavík fyrstu ár réttindagæslunnar og þaðan hvarf ég til starfa innan veggja ráðuneytisins þar sem ég hélt utan um störf réttindagæslumanna. Einnig sinni ég fjölmörgum átaksverkefnum réttindavaktarinnar. Ég lét af störfum hjá félagsmálaráðuneytinu 2020 vegna aldurs.

Í framhaldinu þessarar umsagnar óska ég eftir að fá að koma fyrir nefndina til að miðla af þekkingu minni og reynslu.

Þau atriði sem ég vil gera athugasemdir við eru:

2. Gr. e

e. 2. mgr

„Verði ekki orðið við ábendingum réttindagæslumanns skal hann leiðbeina og eftir atvikum aðstoða hinn fatlaða við að kæra málið til úrskurðarnefndar velferðarmála eða beina kvörtun til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála og veita honum viðeigandi stuðning varðandi rekstur málsins eftir þörfum.“

Þetta er að mínu mati of þröngt. Hér þyrftu að vera undir þær kvörtunar- og kæruleiðir sem Íslendingum er almennt boðið upp á. Annars staðar er undirstrikað að réttindagæslumaður hefur ekki úrskurðarvald í málum, en ekki má þrengja að möguleikanum á að aðstoða fatlaðan einstakling til að búa málið í hendur þess sem á því valdi heldur. Það væri risastórt skref aftur á bak. Þarna vantar inn t.d. aðstoð til að kvarta til Umboðsmanns Alþingis, sem réttindagæslan hefur aðstoðað við með mjög góðum árangri. Þetta þyrfti að orða með opnari hætti.

2. gr. d

*Á eftir 3. mgr. 6. gr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohjóðandi:
Réttindagæslumaður tekur ekki til meðferðar ágreining milli einstaklinga, en honum ber að leiðbeina þeim sem til hans leita með slík mál um leiðir sem færar eru innan sjórn-
sýslu og hjá dómstólum.*

Út frá reynslu réttindagæslumanna mikilvægt að ekki sé hindrun lögð í að koma í veg fyrir misbeitingu t.a.m. fjárdrátt. Hér eru leiðbeiningar og stuðningur ekki síður mikilvæg en í öðrum málum.

3. Grein d.

a. Við 2. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohjóðandi: Útlagður kostnaður skal að jafnaði greiddur af hinum fatlaða einstaklingi. Sýslumaður getur þó ákveðið að hann skuli greiddur úr ríkissjóði ef eignir hins fatlaða einstaklings eru litlar eða aðrar sérstakar ástæður mæla með því.

Opinn tékki sem krefst mikils eftirlits, sem nú er flóknara en áður.

Þegar persónulegir talsmenn færast undir sýslumenn er margs að gæta. Í greinargerð er rætt um reynsluna af eftirliti með lögráðamönnum og hvernig hún mun nýtast. Hér er þó margs að gæta. Grundvallarmunur er þó á þeirri hugsun sem býr að baki. Lögráðamönnum er ætlað að vinna með það að fólk er svipt sjálfræði (fjár- og/eða lögræði). Persónulegir talsmenn þvert á móti eiga að aðstoða fólk í að fara með sjálfræði sitt. Í starfi mínu í aðstoð við fatlaða einstaklinga kom ég oft að málum þeirra sem sviptir höfðu verið. Mjög oft voru það einstaklingar sem höfðu erft fúlgur fjár, og svipting hugsuð sem verndarráðstöfun. Allt of oft sá maður að passað var svo vel upp á peninginn að fólk fékk ekki notið þeirra. En það er kannski önnur saga. Allt of oft kom maður að málum þar sem sýslumaður virtist ekki sinna eftirlitsskyldu sinni. Má þar nefna nokkur dæmi þar sem lögráðamaður komst upp með umtalsverðan fjárdrátt í skjóli eftirlitsleysis. Þegar persónulegir talsmenn bætast í hóp þeirra sem hafa á eftirlit með á þeim bæ, er ljóst að samhliða þarf að stórefla getu sýslumanna til að sinna þessu hlutverki. Réttindagæslan hefur verið að þróa nálgun varðandi eftirlitið og hefur það skilað nokkrum slíkum málum. Nú getur fatlaður einstaklingur leitað til réttindagæslumanns og kvartað undan framgöngu persónulegs talsmanns. Réttindagæslumaður getur þá aðstoðað við að rifta samningnum. Nú eykst flækjustigið því réttindagæslumaður getur aðeins aðstoðað við að koma málinu í farveg hjá sýslumanni. Þessi "opni tékki", er því varhugaverður í þessu nýja samhengi.